

1 **Styttum boðleiðir - bætum rekstur – byrjum á okkur sjálfum**

2 Sjálfstæðisflokkurinn mun einfalda stjórnkerfi borgarinnar og bæta
3 þjónustu við íbúana með styttri boðleiðum. Stjórnkerfið á að þjóna
4 íbúum Reykjavíkur. Fækka skal borgarfulltrúum úr 23 í 15.
5 Rekstrarstaðan verður m.a. styrkt með auknu framboði lóða. Hætta skal
6 skuldasöfnun og álögur á borgarbúa lækkaðar.

7 **Reykjavík á að vera besti búsetukosturinn**

8 Aðalskipulag verði tekið upp strax í upphafi nýs kjörtímabils.
9 Reykjavíkurborg skal tryggja nægjanlegt framboð af lóðum. Við
10 Keldur rís fjölskylduvænt hverfi. Nýstárleg og spennandi byggð rís í
11 Örfirisey. Áhersla er á að klára uppbyggingu í Úlfarsárdal. Hafin
12 verður vinna við skipulagningu byggðar í Geldinganesi.
13 Sjálfstæðisflokkurinn vill að innviðagjald verði felld niður. Lögð verði
14 áhersla hagkvæma íbúðakosti. Reykjavíkurborg þarf að endurheimta
15 stöðu sína sem besti kostur fyrir nýsköpun og atvinnurekstur.

16 **Stórátak í samgöngumálum**

17 Reykjavík þarf að fara í stórátak í samgöngumálum svo minnka megi
18 tafir í umferðinni. Bæta þarf þjóðvegi í Reykjavík í samstarfi við ríkið
19 svo hættulegum gatnamótum fækki. Segja upp samningi við ríkið um
20 framkvæmdarstopp svo ljúka megi löngu tímabærum endurbótum á
21 gatnakerfinu. Efla þarf strætó og gera hann þjónustuvænni svo
22 almenningssamgöngur verði raunhæfur valkostur fyrir fleiri. Skoðaðir
23 verði möguleikar á samgöngumiðstöð við Kringluna. Bæta þarf
24 ferðaþjónustu aldraðra og fatlaðra. Lokið verði þeirri uppbyggingu á
25 Landspítalalóð sem er komin á framkvæmdastig. Farið verði í
26 staðarvalsgreiningu fyrir framtíðaruppbyggingu sjúkrahúsþjónustu í
27 borginni. Flugvöllurinn verði í Vatnsmýrinni þar sem ekki liggur fyrir
28 annar kostur.

29

30 **Virkjum félagsauð eldri borgara**

31 Sjálfstæðisflokkurinn vill leggja áherslu á aukna virkni aldraðra og
32 stuðning til þátttöku í samfélaginu. Eldri borgarar og öryrkjar geti tekið
33 þátt í störfum eftir getu og vilja. Minnka álögur og jaðarskatta.
34 Heimaþjónusta verði styrkt í samvinnu við eldri borgara.

35 Reykjavíkurborg þarf að vera undirbúin fyrir fjölgun eldri borgara og
36 mæta búsetuþörf þeirra.

37

38 **Sveigjanleiki og sjálfstæði í skólamálum**

39 Tryggja þarf að allir fái nám og stuðning við hæfi. Sveigjanleiki milli
40 skólastiga verður aukinn og valkostum fjölgað í rekstrarformi. Styrkja
41 þarf lestrarnám í samvinnu við kennara. Gera þarf sérstakt átak í
42 málefnum barna af erlendum uppruna. Farið verður í átak til að draga
43 úr manneklu með því að bæta starfsumhverfi og auka sveigjanleika í
44 starfi. Börnum frá 12 mánaða aldri verði tryggt pláss í leikskóla eða hjá
45 dagforeldrum.

46 **Íþrótt- og menningarborgin Reykjavík**

47 Forvarnargildi íþrótt- og tómstundastarfs er mikið og standa þarf vörð
48 um þá starfsemi. Styrkja þarf tengsl íþróttafélaga og tómstundastarfs
49 við grunnskóla með það að markmiði að gera vinnudag barna
50 samfelldan og draga úr skutli. Auka þarf aðgengi borgarbúa á öllum
51 aldri að íþróttamannvirkjum til heilsuræktar. Aukin áhersla verður á
52 lýðheilsu með góðri aðstöðu fyrir íþróttir. Borgin styðji við öflugt lista-
53 og menningarstarf í öllum hverfum borgarinnar.

54

55 **Græn borg – hrein borg**

56 Gera þarf átak í umhverfismálum og auðvelda flokkun á sorpi.
57 Sorphirðudögum verður fjölgað og fimmtán metra tunnuskattur
58 afnuminn. Hætt verði að nota plast í stofnunum borgarinnar þar sem
59 mögulegt er. Þrif á götum og opnum svæðum þarf að stórauka.
60 Mikilvægt er að standa vörð um græn og opin svæði í borginni og hlúa
61 að náttúruperlum.